

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	4. sept. 2023	Tími:	12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og TEAMS			
Fundarstjóri:	HP			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Helga Þórisdóttir (HP), Ingileif Oddsdóttir (IO), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi:	Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 4. september 2023

1. Fundargerð stjórnarfundar 22. júní 2023

Fundargerð stjórnarfundar 22. júní sl. var samþykkt.

2. Fyrirhugaðar breytingar á stofnanakerfi ríkisins og aðhaldsaðgerðir stjórnvalda

Stjórnvöld hafa boðað víðtækar aðhaldsaðgerðir hjá stofnunum ríkisins í næstu fjárlögum. Jafnframt liggur fyrir að stofnanakerfi ríkisins er til skoðunar með það að markmiði að fækka stofnunum. Á þessar stundu liggur þó ekki fyrir hvernig útfærslan verður. Fjörugar umræður spunnust á fundinum, m.a. um mismunandi aðstæður innan stofnana til þess að bregðast við fyrirhuguðum aðgerðum.

3. Áherslumál stjórnar 2023-2024

Framhald umræðu frá síðasta fundi. Til viðbótar því sem þar var rætt kom fram hugmynd um hvort tilefni væri til þess að fá utanaðkomandi aðila til að gera samanburð á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna á Norðurlöndunum og á Íslandi. Ákveðið að skoða nánar.

4. Félagsstarfið næsta vetur

Framhald umræðu frá síðasta fundi. Í farvatninu er heimsókn félagsmanna í Kvikmyndasafn Íslands. Einnig voru ræddar hugmyndir að umfjöllunarefni morgunverðarfunda. AH annast skipulag á framangreindu.

5. Endurskoðun starfsreglna stjórnar

Í starfsreglunum segir að þær skuli endurskoðaðar á stjórnarfundum eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og birtar á heimasíðu félagsins. Gildandi starfsreglur

stjórnar voru samþykktar á stjórnarfundi 2. nóvember 2021 og því tímabært að yfirfara þær.

6. Önnur mál

Umræður um beiðnir fjölmiðla um viðtöl vegna mála sem varða málefni forstöðumanna. Í starfsreglum stjórnar segir að formaður komi fram út á við fyrir hönd félagsins og voru stjórnarmenn sammála um að slíkt fyrirkomulag væri gott en færi síðan eftir eðli máls hverju sinni hvort kalla þyrfti til stjórnarfundar til þess að fjalla um einstök málefni.